

Menningarráð



Suðurlands



Ársskýrsla 2013 - 2014

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Menningarráð Suðurlands 2013-2014	3
Menningarfulltrúi Suðurlands	4
Starfsemi Menningarráðs Suðurlands	5
Sérverkefni 2014 og þróun menningarmála á svæðinu	6
Styrkveitingar ársins 2014 - verkefnastyrkir	8
Stofn- og rekstrarstyrkir ársins 2014	11
Kynning á nokkrum verkefnum sem Menningarráð styrkir árið 2014	13
Lokaorð	18
Fylgiskjöl	19

Inngangur

Í ársskýrslu Menningarráðs Suðurlands fyrir árið 2013-2014 er greint frá störfum ráðsins á árinu. Auk þess verður gerð grein fyrir þeim verkefnum sem menningarfulltrúi hefur unnið að og styrkjum sem veittir voru.

Menningarráð Suðurlands árið 2013-2014

Menningarráð Suðurlands er kosið á aðalfundi SASS ár hvert. Stjórnarmenn í Menningarráði Suðurlands árið 2013 - 2014 eru:

- Eyþór H. Ólafsson, Hveragerðisbæ
- Íris Róbertsdóttir, Vestmannaeyjabæ, formaður
- Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþing eystra
- Kjartan Björnsson, Árborg
- Kristján Sigurður Guðnason, Hornafjörður

Menningarráð Suðurlands hóf starfsemi árið 2007 og byggði hún upphaflega á samstarfssamningi sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál og menningarsamning þeirra við Mennta- og menningamálaráðuneyti og Iðnaðarráðuneyti.

Á þessu starfsári var lengi óljóst hvernig fjármögnun samningsins yrði háttað og tafði þessi óvissa vinnuna og afgreiðslu styrkumsókna verulega. Í maí sl. var undirritaður samningur sem gildir til nk. áramóta. Mennta- og menningamálaráðuneyti leggur 28.971 þús. kr. til samningsins, þar af eru allt að 14.485 þús. kr. ætlaðar til stofn- og rekstrarstyrkja. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti leggur til 6.5 m.kr. með áherslu á menningartengda ferðaþjónustu. Sveitarfélögin leggja til sameiginlega að lágmarki 40% af framlagi ráðuneytanna sem er 20.985 þús. kr. utan þess sem ætlað er til stofn- og rekstrarstyrkja af framlagi Mennta- og menningamálaráðuneytis.

Jafnframt þessum samningum byggir starfsemi Menningarráðs Suðurlands á stofnsamþykktum Menningarráðs. Í þeim er sagt til um vinnubrögð og verklag, stjórnarskipun, aðalfund og starfshætti almennt.

Samkvæmt samningnum og samþykktum skal Menningarráð Suðurlands vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Suðurlandi um menningarmál. Hefur Menningarráð meðal annars það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á starfssvæðinu og standa fyrir öflugu þróunarstarfi. Lögð er sérstök áhersla á samstarf sveitarfélaga, líkra og ólíkra listgreina og hópa menningarmála svo og einstaklinga. Einnig að úthluta fjármagni í formi verkefnastyrkja til menningarstarfsemi og menningartengdrar ferðaþjónustu á Suðurlandi samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga og hafa eftirlit með framkvæmd þess samnings.

Auk verkefnastyrkja veitir Menningarráð Suðurlands stofn- og rekstrarstyrki sem voru í þetta sinn auglýstir á sama tíma og verkefnastyrkir.

Sérsumningur vegna menningarmiðstöðvar á Höfn í Hornafirði


Samningur um menningarmál milli Menningarráðs Suðurlands, Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar er áfram í gildi. Menningarráð Suðurlands, á grunni viljayfirlýsingar sem undirrituð var af mennta- og menningarmálaráðherra, fjármálaráðherra og bæjarstjóra Hornafjarðar, leggur Menningarmiðstöð Hornafjarðar til kr. 3.6 milljónir árið 2014. Þessi fjárhæð skerðir ekki starfsemi eða styrkveitingar ráðsins, enda um viðbótarfjármagn að ræða eins og fram kemur í fjárhagsyfirliti Menningarráðs Suðurlands. Árin 2012 og 2013 voru veittar 4 milljónir árlega til Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

Menningarfulltrúi Suðurlands

Dipl. Ing. Dorothee Lubecki, skipulagsfræðingur, hefur gegnt starfi menningarfulltrúa Suðurlands frá 1. október 2007. Helstu verkefni hennar samkvæmt samþykktum ráðsins og ráðningarsamningi eru eftirtalin:

- Dagleg umsýsla Menningarráðs Suðurlands
- Þróunarstarf í menningarmálum á Suðurlandi
- Fagleg ráðgjöf og verkefnastjórnun
- Efling samstarfs á sviði menningarmála
- Umsjón með styrkjum til menningarmála og kynning á verkefnum

Menningarráð Suðurlands hefur frá upphafi haft góða tengingu við skrifstofurnar að Austurvegi 56 á Selfossi. Sambúð við SASS og góð tenging við stofnanir í Sandvíkursetrinu við Tryggvagötu á Selfossi, Nýheimum í Höfn og víðar hefur verið mjög farsælt. Gott samstarf hefur náðst við allar þessar stofnanir sem hefur gert það að verkum að Menningarráðið er mikilvægur hluti af stoðkerfinu á Suðurlandi í dag.



*Eldheimar í Vestmannaeyjum
mynd: Dorothee Lubecki*

Starfsemi Menningarráðs Suðurlands

Alls voru haldnir þrjár bókaðir stjórnarfundir á árinu hjá Menningarráði Suðurlands fram til 30. september 2014. Stjórnarfundir fóru fram að Austurvegi 56 á Selfossi og einn fundur var haldinn í Vestmannaeyjum.

Á árinu var áfram unnið að því að kynna Menningarráðið og veita faglega ráðgjöf við ýmis verkefni. Eins og fyrri ár hefur verið boðið upp á ráðgjöf í öllum sveitarfélögum, sérstaklega í tengslum við styrkauglýsingu Menningarráðs og hafa margir nýtt sér þann vettvang. Þeim sem þess hafa óskað var leiðbeint í gegnum allt umsóknarferlið og umsóknin lesin yfir. Drjúgur tími menningarfulltrúa Suðurlands hefur einnig farið í að aðstoða þá sem eftir því leita við að móta verkefni og sækja um fjármagn til verkefna.

Menningarfulltrúi tók þátt í ýmsum fundum og ráðstefnum, hefur verið þátttakandi og að hluta ráðgefandi á fundum Safnaklasa Suðurlands, Þjóðleiks, tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd kynningarátaksins „Leyndadómar Suðurlands“ og fleira. Ennfremur tekur menningarfulltrúi þátt í hugmyndavinnu og situr fundi sem tengjast þróunarvinnu við einstök verkefni, ef þess er óskað.

Til að auka samstarf og upplýsingaflæði innan svæðisins heldur Menningarfulltrúi Suðurlands utan um samstarfshóp milli aðila á Suðurlandi sem starfa á sviði menningar- og ferðamála á vegum sveitarfélaga. Fundir í þessum samráðshópi eru óreglulegir en gagnlegir.

Eins og fyrri ár hefur menningarfulltrúi sótt allmarga atburði á starfssvæðinu, þ.á m. ráðstefnur, hátíðasamkomur, sýningar, tónleika, leiksýningar og fl. og haft mjög gaman af að sjá grósku og þróun í menningarlífi á öllu Suðurlandi. Því miður er samt sem áður ekki hægt, vegna tíma og kostnaðar, að menningarfulltrúi sækji alla viðburði, uppákomur og atburði í sunnlensku menningarlífi sem hafa hlotið styrki Menningarráðs Suðurlands. Á móti kemur að stjórnarmenn í Menningarráðinu eru einnig virkir í að fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífinu, hver á sínu svæði, sækja viðburði og miðla reynslunni til menningarfulltrúa og stjórnarmanna.



*Konubókastofa á Eyrarbakka, jólagluggi / Barnabæjardagar í BES
mynd: Rannveig Anna Jónsdóttir / Dorothee Lubecki*

Sérverkefni 2014 og þróun menningarmála á svæðinu

Starfsárið sem er að líða var að mörgu leyti merkilegt og skemmtilegt. Eftir sjö ára starfsemi má segja að góður grunnur sé lagður að því að efla menningarstarfsemi á Suðurlandi enn frekar. Samstarf á milli listamanna, sveitarfélaga og ýmissa hópa innan svæðisins hefur aukist og endurspeglast það í metnaðarfullri vinnu og áberandi verkefnum. Starfsemi og styrkveitingar Menningarráðs hafa náð fótfestu og eru svæðinu og listamönnum mikilvæg. Uppskeyri í formi vel gerðra og merkilegra verkefna, sem tekið er eftir á landsvísi, má telja góðan árangur.

Velgengi óperunnar „*Ragnheiður*“ eftir þá Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson hefur varla farið fram hjá neinum á þessu ári. Það má segja að þetta verkefni sýni enn og aftur mikilvægi starfsemi menningarráða landshlutanna, enda er það nokkuð öruggt að óperan hefði ekki orðið að veruleika án stuðnings Menningarráðs Suðurlands.

Maxímus Músíkus syngur í kór er verkefni sem setti skemmtilegan svip á menningarlífið á Suðurlandi sl. vor. Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt u.þ.b. 200 kórkrökkum mættu til leiks til að flytja nýjasta tónverkið með Maxímus Músíkus, vinsælu tónlistarmúsíni. Leikskóla- og grunnskólabörnum á Suðurlandi var boðið á tónleikana. Menningarráð veitti verkefninu stuðning og menningarfulltrúi sá um skipulagningu á þessum merka viðburði. Rúmlega 2000 börn ásamt kennurum hlustuðu á tvenna tónleika sem fóru fram í íþróttasal Vallaskóla á Selfossi og geislaði salurinn af gleði og ánægju. Öllum þeim sem komu að og aðstoðuðu við verkefnið er þakkaður stuðningurinn þ.á.m. sveitarfélaginu Árborg, skólastjóra Vallaskóla, 10. bekk úr Vallaskóla, Edith Molnár, Karlaór Selfoss, Guðna bakara, Friðheimum og fl.

Sóknaráætlun

Unnið var að nokkrum verkefnum innan ramma Sóknaráætlunar á árinu. Menningarfulltrúi kom að úrvinnslu þriggja þeirra:


Upplýsingagátt Suðurlands–verkefnastjóri var ráðinn fyrir árslok 2013. Menningarfulltrúi er þátttakandi í stýrihóp verkefnisins. Þungamiðjan í þessari þróunarvinnu er viðburðadagatal sem nær yfir allt Suðurland. Þessi vinna er í samræmi við grein 2.1.1 í Menningarstefnu fyrir Suðurland sem unnin var árið 2013. Vefsíðan www.sudurland.is er langt komin í þróuninni og verður (*Koma á laggirnar sameiginlegri vefgátt fyrir allt Suðurland með samræmingu viðburðadagatala*) kynnt rækilega í aðdragandanum að Safnahelginni 2014

Menntalestin á Suðurlandi, leiksyning og leiksmiðja á vorönn 2014

Þetta verkefni þróaðist m.a. í kjölfar úttektar um stöðu listkennslu í skólum á Suðurlandi og var hugmyndin sú að stuðla að auknu skapandi starfi í öllum námsgreinum. Menningarfulltrúi tók þátt í skipulagningu og framkvæmd verkefnisins.

Verkefnið var þrífætt:

- Leikritið *Unglingurinn* var sýnt í leikhúsum á svæðinu fyrir nemendur á unglingastigi og miðstigi grunnskóla, foreldra þeirra og kennara. Aðgangsmiðar voru niðurgreiddar. Sýningin fór fram á 6 stöðum á Suðurlandi og voru alls u.þ.b. 900 manns sem sáu „Unglinginn“.
- Skapandi smiðja fyrir alla kennara* og annað starfsfólk var í boði inni í hverjum þeim skóla sem kaus að taka þátt.



Smíðjurnar fyrir kennara samanstóðu af fyrirlestri og verklegum æfingum. 10 kennarasmiðjur fóru fram.

- c) **Leiksmiðjur fyrir nemendur.** Smíðjum var stýrt af Björk Jakobsdóttur leikkonu og leikstjóra með aðstoð kennaranna. 9 nemendasmiðjur fóru fram.

Leyndardómar Suðurlands

Leyndardómar Suðurlands var umfangsmikið kynningarátak á Suðurlandi þar sem ferðaþjónustufyrirtækjum, matvælaframleiðendum, félögum, fyrirtækjum, stofnunum, einstaklingum og öllum öðrum áhugasömum var boðin þátttaka.

Átakið stóð yfir frá miðvikudeginum 26. mars til sunnudagsins 6. apríl 2014. Myndaður var samstarfshópur til að undirbúa og framkvæma verkefnið undir stjórn starfsmanns SASS. Menningarfulltrúi Suðurlands tók þátt í þeirri vinnu og kom reynslan af samstarfinu sem hefur myndast í gegnum vinnuna við Safnahelgina að góðum notum.

Samtök sögutengdrar ferðaþjónustu

Menningarfulltrúi hefur í mörg ár tengst starfsemi samtaka sögutengdrar ferðaþjónustu og hefur sótt 2 fundi og málþing á vegum félagsins á árinu. Félagið heldur úti heimasíðunni www.sagatrail.is og er hægt að fræðast betur um starfsemi þess þar.

Safnahelgi á Suðurlandi er verkefni sem hefur fest sig í sess í menningarflóru Suðurlands. Safnahelgi er orðin árlegur viðburður og fer fram fyrstu helgina í nóvember ár hvert. Menningarfulltrúi hefur verið framkvæmdastjóri verkefnisins undanfarin ár og verður engin breyting á því á þessu ári. Undirbúningsvinnan fyrir Safnahelgina 2014 er hafin.

Samstarf menningarfulltrúa

Menningarfulltrúar á landsbyggðinni hafa haft með sér samstarf og hittst reglulega og hefur menningarfulltrúi Suðurlands verið virkur í því. Samráðsfundir voru tveir á árinu.



Landnámsdagur 2014, mynd: Ásborg Arnþórsdóttir


Styrkveitingar ársins 2014 - verkefnastyrkir

Á þessu ári var einu sinni úthlutað úr verkefnasjóði Menningarráðs Suðurlands. Í janúar sl. auglýsti Menningarráð eftir umsóknum um verkefnastyrki og stofn- og rekstrarstyrki til eflingar menningarlífs á Suðurlandi. Vegna þeirrar óvissu sem ríkti um fjárveitingu til Menningarráðs á árinu dróst afgreiðsla styrkumsókna langt fram eftir árinu. Alls bárust ráðinu 187 umsóknir um verkefnastyrki og voru þar með ný met sett í umsóknarfjölda. Heildarkostnaður verkefna var áætlaður u.þ.b. 213 milljónir, sótt var um u.þ.b. 77 milljónir kr. samtals. Á fundi ráðsins sem haldinn var 9. júní var samþykkt að veita 110 verkefnum styrki, samtals 26,6 milljónir kr. Styrkuppþæðir voru á bilinu frá 80.000.- til 2.000.000.- kr.

Árið 2014 voru lagðar eftirfarandi áherslur af hálfu ráðsins:

- *Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.*
- *Verkefni sem efla nýsköpun tengdri menningu.*
- *Verkefni sem stuðla beint að fjölgun atvinnutækifæra.*
- *Verkefni sem styðja við menningartengda ferðaþjónustu.*
- *Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf*


Yfirlitið hér fyrir neðan sýnir fjölda umsókna um verkefnastyrki og styrkþega árið 2014 samanborið við fyrri ár:




Umfang þeirra verkefna sem sækja til Menningarráðsins er mjög misjafnt og styrkir Menningarráðs eru að jafnaði ekki nema hluti af heildarfjármögnun verkefna.

Styrkumsóknir hafa borist úr flestum sveitarfélögum á Suðurlandi og sýnir næsta mynd fjölda umsókna og styrkveitingar flokkað eftir búsetu umsækjenda árið 2014. Verkefnið sjálft getur hins

vegar farið fram á öðrum stað á Suðurlandi, getur verið samstarfsverkefni á milli sveitarfélaga eða verkefni sem nær yfir allt Suðurland. Samstarfið getur verið mismunandi. Í sumum tilfellum starfa aðilar úr mismunandi sveitarfélögum beinlínis saman og/eða verkefni (t.d. tónleikar eða sýningar) fara fram á fleiri stöðum.



Ljóst er að mikill hugur er í fólki og greinilegt að menn eru með stórar hugmyndir sem eiga vonandi eftir að setja svip sinn á menningar- og atvinnulífið á Suðurlandi. Umfang verkefna sem verið er að vinna að er mikið. Þrátt fyrir að styrkveitingar Menningarráðs Suðurlands séu tiltölulega litlar í samanburði við raunkostnað verkefna er greinilegt að styrkveitingar ráðsins hafa mjög jákvæð áhrif á framþróun mála. Í nokkrum tilfellum hefur orðið til samstarf milli ólíkra aðila vegna þess að menn kynntust við afhendingu menningarstyrkja og hafa menn ráðist í stærri og öðruvísi verkefni en áður. Flest verkefni sem Menningarráð Suðurlands hefur ákveðið að styrkja hingað til hafa verið framkvæmd með góðum árangri.




Svipmyndir úr menningarlífi á Suðurlandi 2014: Dorothee Lubecki

Almennt voru umsóknir vel unnar og fjölbreytni umsókna dreifðist ágætlega á milli hinna ýmsu flokka sem menningarlífið byggir á, en gróska og fjölbreytni í tónlistarlífinu er áberandi eins og undanfarin ár. Flokkun verkefna sem hér er notuð er í samræmi við flokkun sem menningarfulltrúar landsins hafa ákveðið til að auðvelda samanburð á milli landshluta. Ákveðið

var að neita öllum umsóknum vegna skiltagerðar að þessu sinni enda hafa slík verkefni hlotið umtalsverða styrki undanfarin ár.

Skiptingin á milli listgreina er eftirfarandi:



Úthlutun verkefna- og stofn-og rekstrarstyrkja fyrir árið 2014 fór fram í Listasafni Árneseinga í Hveragerði þann 20. júní 2014 og var mæting á samkomuna mjög góð. Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði samkomuna og afhenti styrki ásamt menningarfulltrúa Suðurlands. Styrkþegar sáu um að krydda samkomuna með tónlistaratriðum. Kaffiveitingar voru í boði Hveragerðisbæjar.

Yfirlit yfir styrkveitingar er í viðhenginu.



*Eldmessa á Kirkjubæjarklaustri
mynd: Ólafía Jakobsdóttir*

Stofn- og rekstrarstyrkir 2014

Nú á árinu veitti Menningarráð Suðurlands í þriðja sinn styrki til stofnkostnaðar og rekstrar menningarstofnana á Suðurlandi. Þetta er gert á grundvelli viðauka við menningarsamning milli ríkisins og Samtaka sunnlenska sveitarfélaga (SASS). Áður var úthlutun þessara stofn- og rekstrarstyrkja frá ríkisvaldinu í höndum fjárlaganefndar Alþingis, en hún hefur nú hætt úthlutun á styrkjum til ýmissa stofnana og verkefna á grundvelli umsókna til nefndarinnar. Samkvæmt samningnum hefur Menningarráð Suðurlands allt að 14.485 þús. kr. til ráðstöfunar á árinu 2014, sem heimilt er að veita til stofn- og rekstrarstyrkja.

Alls bárust 14 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki til Menningarráðs Suðurlands þegar þeir voru auglýstir. Að þessu sinni fengu 12 aðilar stuðning, samtals að upphæð 12.3 milljónir. Voru upphæðir framlagsins frá Menningarráði Suðurlands á bilinu 400 þúsund til 3,5 milljónir. Eftirtaldir aðilar fengu stofn- og rekstrarstyrk frá Menningarráði Suðurlands árið 2014:

Stofn- og rekstrarstyrkir Menningarráðs Suðurlands 2014

Umsækjandi/verkefni	úthlutun
Konubókastofa á Eyrarbakka	400.000
Fischersetur á Selfossi	500.000
Veiðisafnið ses. á Stokkseyri	500.000
DALA-RAFN Bata og útgerðarminjasafn, Vestmannaeyjum	500.000
Sumartónleikar í Skálholtskirkju	700.000
Gull og gersemar ehf. á Laugarvatni	700.000
Sveitarfélagið Árborg, mjólkursafn	1.000.000
Fjallasaum ehf., Hvolsvelli	1.000.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga	1.000.000
Kötlusetur, Mýrdalshreppi	1.000.000
Eldheimar - Vestmannaeyjum	1.500.000
Kirkjubæjarstofa ses, Skaftárhreppi	3.500.000
samtals	12.300.000


Kynning á nokkrum verkefnum sem menningarráð styrkir árið 2014

Eldheimar í Vestmannaeyjum hlaut 1.000.000 í verkefnastyrk og 1.500.000 kr í stofn- og rekstrarstyrk

Gosminjasafnið Eldheimar var opnað í Vestmannaeyjum á vordögum. Safnið hefur verið í mótn sl. 6 ár. Safna- byggingin er byggð yfir hús, sem verið hefur undir ösku frá árinu 1973. Safnið segir og sýnir einstaka jarðfræðisögu Vestmannaeyja, sögu Surtseyjar og leiðir gesti aftur til 1973 þegar Heimaey gaus. Yfir 5000 íbúar lögðu á flóttu og þriðjungur þeirra missti heimili sín fyrir fullt og allt. Gestir safnsins geta grafið upp hús og skoðað gosrústir frá 1973 með aðstoð fjarstýrðra myndavéla.



Gosminjasafn hefur verið til umræðu í Vestmannaeyjum um langa hríð. Uppgröftur í hlíðum Eldfells hófst fyrir tæpum áratug og hét verkefnið þá “Pompei norðursins”. Verkefnið tók á sig endanlegri mynd í framhaldi þess að Vestmannaeyjabær og íslenska ríkið gerðu samning um byggingu menningarhúss. Heildarkostnaður við safnið er áætlaður um 900 milljónir króna og skiptist nokkuð jafnt milli ríkis og sveitarfélags. Í Eldheimum er sögu Heimaeyjargossins miðlað með myndefni, hljóðleiðsögn og gagnvirkum búnaði. Þungamiðja safnsins er einbýlishús að Gerðisbraut 10 sem var grafið upp eftir um 40 ár undir vikri.



Margmiðlunartækni sem notuð er í Eldheimum er eftirtektarverð og gerir upplifunina sérstaklega skemmtilega.



Verkefnið skiptir uppbyggingu Vestmannaeyja sem áfangastaðar fyrir ferðamenn miklu máli og hefur þegar slegið í gegn. Búið var við 15.000 gestum fyrsta árið, en frá opnun í maí sl. til loka september hafa rúmlega 25.000 manns sótt safnið heim.

Sjö bátar – kvikmyndaverkefni hlaut 300.000.-

Hugmyndin: Árið 1667 sökk hollenska skipið “Het Waapen van Amsterdam” nálægt Íslandsströndum. Skipið var drekkhlaðið tunnum, fullum af gulli ásamt tvö hundruð manna áhöfn. Á þessum tíma var til siðs að fólk flyktist niður í fjöru til að næla sér í hluti sem skolaði á land úr skipsflökum. Í þetta skipti var hængur á, þegar sveitafólkið kom á fjörunar mættu þau manni sem hafði lifað slysið af. Þessi maður var af afrískum uppruna, nokkuð sem sveitafólkið

hafði aldrei séð áður. Þarna töldu þeir að staði djöfullinn sjálfur og í fáfræði sinni og ótta drápu þeir eina eftirlifandann af skipinu.

Myndin sem um ræðir fjallar ekki um þessa sögu, en styðst eingöngu við ofangreindan atburð til að fanga tíðarandann og sjónarsviðið með hljóðum og sjónrænni frásögn. Framleiðandinn hefur áhuga á kjarna atburðarins, viðbrögðum, tilfinningu og smáatriðum umfram beina munnlega frásögn.

Hugmyndin á bak við myndina er að tengja saman hljóð og mynd og reyna þannig að skapa kröftugt andrúmsloft. Myndin á að vera dramatísk og líkamleg upplifun sem mun toga áhorfandann inn í atburðarás sem hann hefur ekki fullan skilning á fyrr en í lok myndarinnar.

Söguþráður / Úrdráttur: Við erum stödd úti á miðju hafi. Við sjáum sjö báta fljóta í kring með menn á misjöfnum aldri innanborðs. Við kynnumst mönnunum einum af öðrum á sjónrænan hátt, bát eftir bát. Mennirnir í bátunum eru allir að horfa á einhvern sem berst um í ísköldum sjónum, við sjáum hann ekki, en við heyrum í honum erfiða. Við sjáum brot úr skipi fljóta um í sjónum, tunnur, flöskur og lík af drukknudum sjómönnum. Mennirnir á bátunum hefjast handa við að safna saman gössinu úr skipinu, þeir rétta drukknandi manninum ekki hjálparhönd.



Sjö Batar verður
heimsfrumsýnd á Toronto
Film festival í september
2014.

<http://www.ekkofilm.dk/artikler/filmskolespire-pa-festival/>

Njálurefill á Hvollsvelli hlaut 1.000.000.- í stofn- og rekstrarstyrk á árinu


Laugardaginn 2. febrúar 2013 var í Sögusetrinu á Hvollsvelli tekið fyrsta sporið í Njálurefilinn nýja og saumi hans þar með formlega hleypt af stokkunum. Njálurefilinn hefur hinn fræga fransk-enska Bayeux refil að fyrirmynd en þar er sögð með útsaumi (líkt og teiknimyndasögur nútímans gera) saga innrásar Normanna í England árið 1066 – og er refilinn samtímaheimild.

Njálurefilinn segir vitaskuld Brennu-Njálssögu með sambærilegum hætti. Refilinn er 50 cm á hæð og verður að endingu 80 metra langur. Refilinn er hannaður og teiknaður af Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur myndlistarkonu.

Það er nýstofnað félag í Rangárþingi, Fjallasaum ehf., sem stendur að verkinu og mun fylgja því eftir allt til enda. Veg og vanda að hugmyndinni og öllum undirbúningi hafa þær Christina M. Bengtsson og Gunnhildur Edda Kristjánsdóttir.

Refillinn er aðgengilegur öllum gestum Sögusetursins á auglýstum afgreiðslutíma setursins og býðst gestum og gangandi að húa í lætin – taka þátt í saumaskapnum – gegn vægu gjaldi. Þá hefur sérstakt hollvinafélag refilsins verið stofnað og er öllum opið.

Refillinn verður allt til enda saumaður í Sögusetrinu og séraðstaða útbúin fyrir hann í suðurenda hússins.



Njálurefill, myndir: Dorothee Lubecki

Orgelsmiðjan á Stokkseyri hlaut 250.000 kr verkefnastyrk til tónleikahalds

Í Orgelsmiðjunni á Stokkseyri var opnuð fræðslusýning í mars s.l. og verkstæðið opnað fyrir gestum og gangandi. Sýningin bætist á skemmtilegan hátt inn í flóru ferðamannastaða við Suðurströndina. Húsnæðið býður einnig upp á möguleika á tónleikahaldi og styrkir Menningarráð tónleikaröð sem þar fer fram í þessu ári.



*Hljómsveitin „Var“ í Orgelsmiðjunni;
mynd: Dorothee Lubecki*